

ÁRSKÝRSLA BLÁA HERSINS 2014.

Blái herinn hreinsaði á árinu 2014 rétt tæp 40 tonn af allskyns rusli og drasli úr náttúru landsins. Heildarmagn frá upphafi hreinsunarverkefna okkar eru 1200 tonn. Vinnustundir í sjálfböðavinnu eru komnar yfir 50 þúsund. Eftirfarandi verkefni voru hvað fyrirferðamest á árinu sem er að líða.

1. Samstarf við Efnamóttökuna HF á söfnun rafgeyma frá ýmsum aðilum á Reykjanesi, verkefni sem er allt árið.
2. Umhverfisfræðsla og hreinsunarverkefni með Akurskóla í sérstakri umhverfisviku skólans.
3. Erindi flutt í Pristine, Kosovo á árlegri ráðstefnu (www.letsdoitworld.org). 2 konur samtakanna komu síðan til landsins og fræddu m.a. fólk í Umhverfiráðuneytinu, Reykjavíkurborg og fl. um samtökin. Þær komu í boði ráðuneytis og Bláa hersins.
4. Samstarf með Sandgerðisbæ í Grænn Apríl, gengið um bæinn og hreinsað upp rusl.
5. Samstarfsverkefni með ISAVIA í hreinsun nærumhverfis flugstöðvarinnar í Keflavík, gengnar girðingar og opin svæði.
6. Samstarf við IAV Þjónustu um hreinsunarverkefni á svæðum fyrirtækisins í framtíðinni.
7. Samstarf við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar (KADECO), hreinsuð svæði við Patterson og Ásbrú.
8. Fluttir nokkrir fyrirlestrar fyrir m.a. Oddfellow, Lions og Rotaryklúbb Reykjavíkur.
9. Tekið þátt í ráðstefnu um plast í hafinu sem haldið var í Hörpu 24 september.
10. Handsalað samstarfverkefni við Eimskip um allsherjar hreinsunarverkefni á fjörum landsins. Þetta verkefni byrjar strax á nýju ári með skipulagsvinnu og fl.
11. Unnið við listaverkið 3-0 eða (Out of sight-out of mind-out of control). Þetta er farand listaverk með rusli og drasli úr hafinu og er nánast tilbúið, verður sýnt við rétta tækifærið.
12. Samstarfsverkefni með Ameríska sendiráðinu í Reykjavík, hreinsuð tvö svæði í Kúagerði að Keili og í Sandvík.
13. Áskorun til starfsfólks Landsbankans í Reykjanesbæ um hreinsunarverkefni framkvæmt fyrir Ljósanótt og hreinsuð fjaran við Fitjar. Áskorun með dive.is að hreinsa Bjarnargjá við Grindavík. ☺
14. Tekið þátt í verkefni ásamt 9 öðrum aðilum með Ameríska sendiráðinu. Verkefni heitir International Visitor Leadership Program og er frá október til janúar 2015. Fundað er einu sinni í viku með fjarfundarbúnaði og hlustað á fyrirlestra frá Bandarískum stofnunum í umhverfis og náttúruverndarmálum og miðlað upplýsingum og spurt og svarað á víxl. Ákaflega fróðlegt og gefandi verkefni og heiður að vera þátttakandi.
15. Útvarpsviðtal hjá Sirry í Grænn Apríl og Kastljóspáttur um plast í hafinu í október.
16. Unnið við viðhaldsverkefni í aðstöðu og á farartækjum samtakanna.
17. Endurnýjaður samstarfssamningur við Toyota á Íslandi.
18. Margra ára barátta fyrir flöggun Blá fánans við smábátahöfnina í Gróf í Reykjanesbæ varð að veruleika í Maí. Blái herinn sér um að þetta svæði sé ávallt hreint og aðlaðandi.
19. Stofnanda og formanni Bláa hersins frá upphafi var veitt Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Brattholti á Degi Íslenskrar Náttúru. Við það tækifæri skoraði hann á Ríkisútvarpið að fylgjast náið með starfi samtakanna í framtíðinni, það verður því tilhlökkunarvert að halda áfram þeirri baráttu sem Blái herinn stendur fyrir en á næsta ári fögnum við 20 ára afmæli samtakanna.

Með vinsemd og virðingu

Tómas J. Knútsson formaður Bláa hersins.